

Fuglalíf við Tangavatn og nágrenni á Dynjandisheiði 2014

Unnið fyrir Orkubú Vestfjarða

Böðvar Þórisson

Desember 2014
NV nr. 21-14

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Aðferðir	3
RANNSÓKNARSVÆÐI.....	3
Niðurstöður.....	6
Umræður.....	6
Þakkir.....	6
Heimildaskrá	6

Inngangur

Orkubú Vestfjarða (OV) fyrirhugar að stækka virkjun í Tangavatni og mundi vatnið hækka um 3 m. Einnig er hugmynd um að virkja Grímsvatn, sem er upp af Hofsáravatni, og þarf þá að leggja vegslóða að vatninu.


OV óskaði eftir því við Náttúrustofu Vestfjarða að kanna fuglalíf á svæðinu með tilliti til þessara hugsanlegu framkvæmda.

Engar rannsóknar hafa verið gerðar á fuglalífi við þessi vötn.

Aðferðir

Rannsóknarsvæði

Athugunarsvæðið nær frá Tangavatni og að Grímsvatni sem er nyrst á svæðinu (mynd 1).



Mynd 1. Yfirlitsmynd yfir rannsóknarsvæðið. Mynd: HBA©2014. Loftmyndir í eigu Loftmynda ehf.

Tangavatn ($65^{\circ}45.247'$ - $23^{\circ}03.762'$) liggur í 560 m hæð yfir sjó og er um $0,31 \text{ km}^2$ að flatarmáli. Meðaldýpt er 3,3 m og mesta dýpt 22,2 m (Hákon Aðalsteinsson o.fl. 1989). Svæðið er afar grýtt og lítil þekja af gróðri (Hafdís Sturlaugsdóttir o.fl. 2014).

Hólma vatn ($65^{\circ}45.792'$ - $23^{\circ}05.025'$) er í 492 m hæð yfir sjó og er $0,25 \text{ km}^2$ að stærð. Meðaldýpt er 7,8 m og mesta dýpi 22,2 m (Hákon Aðalsteinsson o.fl. 1989). Vatnið er um

700 m norðvestur af Tangavatni. Við vatnið eru grös, mosi og deiglendi (Hafdís Sturlaugsdóttir o.fl. 2014).


Grímsvatn (65°47.920' - 23°03.836') er um 1.200 m austan við Hófsárvatn. Svæðið í kring er afar grýtt og með litla gróðurþekju (Hafdís Sturlaugsdóttir o.fl. 2014).

Athuganir


Athugaðir voru fuglar sem voru á vötnunum og í næsta nágrenni.

Farið var þann 12. júní 2014 að Tangavatni og Hólmavatni (mynd 2 og 3). Nokkur snjór var á svæðinu og meiri eftir því sem norðar dró. Séð frá Tangavatni þá virtist vera talsverður snjór við Grímsvatn og var því ekki farið að vatninu í þessari ferð. Veður var gott: léttskýjað og logn eða andvari.


Þann 6. ágúst 2014 voru starfsmenn Náttúrustofu Vestfjarða við gróður athuganir en skráðu einnig fugla sem sáust á vötnum. Athuganir voru við Tangavatn, Hólmavatn, Langvatn og Grímsvatn (mynd 4). Skráðir voru einnig fuglar á vötnum 1-6 (mynd 1). Nokkur vindur var á svæðinu, frá kalda að allhvössum og því erfitt að heyrja í fuglum á svæðinu.



Mynd 2. Tangavatn og umhverfi þann 12. júní 2014. Mynd: BÞ/Nave©2014.



Mynd 3. Séð yfir Hólmavatn þann 12. júní 2014. Mynd: BÞ/Nave©2014.



Mynd 4. Grímsvatn þann 6. ágúst 2014. Mynd: CG/Nave©2014.

Niðurstöður

Þann 12. júní 2014 sást einungis einn fugl við Tangavatnið en það var syngjandi snjótittlingskarl (*Plectrophenax nivalis*). Stoppað var við vatnið u.þ.b. hálf tíma og varð ekki vart við aðra fugla á þessum tíma. Vatnið var að mestu íslaust. Enginn fugl sást á Hólmavatni og Langavatni en það heyrðist í einum sendlingi (*Calidris maritima*) nálægt Hólmavatni. Um 500 m suðvestur af Hólmavatni heyrðist í einum snjótittlingi og steindepli (*Oeanthe oeanthe*).

Þann 6. ágúst 2014 sáust þrjár álfir (*Cygnus cygnus*) á Hólmavatni en engir fuglar á Tangavatni, Langavatni og á Grímsvatni. Við Grímsvatn sáust nokkrir snjótittlingar á flugi. Á vötnum (mynd 1) fyrir neðan Langavatn sáust eftirtaldar fuglar:

Borgarhvilftarvatn (65 46.642' - 23 08.304'): Álftapar með einn unga og tveir lómar (*Gavia stellata*).

Vatn 1 (65 46.143' - 23 08.850'): Enginn fugl á vatninu en einn smyrill (*Falco columbarius*) sást á flugi nálægt.

Vatn 2 (65°46.012' - 23°07.571'): Einn himbrimi (*Gavia immer*).

Vatn 3-5, engir fuglar sáust.

Umræður

Þann 12. júní og 6. ágúst sáust engir fuglar á Tangavatni, Langavatni og Grímsvatni. Á Hólmavatni sáust engir fuglar 12. júní en þrjár álfir þann 6. ágúst. Það er ólíklegt að þær hafi verið í varpi við vatnið þetta sumarið. Grímsvatn var ekki athugað þann 12. júní en reiknað var með því að ís væri á því miðað við þau snjóalög sem voru í kring á þessum tíma. Þann 6. ágúst sást enginn fugl á vatninu en nokkrir snjótittlingar voru á flugi við það.

Það er ólíklegt að Tangavatn og Grímsvatn séu mikilvæg fyrir vatnafugla. Það leysir líklega seint af þeim og lítill eða enginn gróður á vatnsbökkum þessara vatna.

Fyrirhuguð stækkun á Tangavatni hefur líklega lítil sem engin áhrif á fugla þar sem engir vatnafuglar voru á svæðinu og mófuglar fáir. Engir fuglar sáust á Grímsvatni en nokkrir snjótittlingar voru á svæðinu. Það er ólíklegt að miðlun á því vatni muni hafa áhrif á fugla svæðinu.

Þakkir

Hafdísi Sturlaugsdóttur, Huldu B. Albertsdóttur og Cristian Gallo er þakkað fyrir þeirra athuganir. Hulda sá einnig um gerð yfirlitsmyndar. Sölvi Sólbergsson hafði umsjón með verkinu fyrir hönd OV og er honum þakkað fyrir.

Heimildaskrá

Hafdís Sturlaugsdóttir, Hulda Birna Albertsdóttir og Cristian Gallo. 2014. Gróður á sunnaverðu Glámu: Stóra-Eyjavatn, Tangavatn og nágrenni. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 20-14.

Hákon Aðalsteinsson, Sigurjón Rist, Stefán Hermannsson og Svanur Pálsson. 1989. Stöðuvötn á Íslandi. Skrá um vötn stærri en 0,1 km². Orkustofnun, OS-89004-VOD-02.